

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 2. júní 2022
UST202205-290/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 - landbúnaðarkafli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á ákvæðum landbúnaðarkafla aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 - 2022.

Í greinargerð kemur fram markmið breytinganna eru að einfalda nokkur ákvæði í landbúnaðarkafli aðalskipulagsins sem hafa reynst frekar íþyngjandi. Einnig að setja fram skýrari stefnu um uppbyggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum til þess að tryggja hagkvæma og skynsama uppbyggingu innan landbúnaðarsvæða þannig að núverandi innviðir séu nýttir betur, ný mannvirki verði ekki úr alfaraleið og að til að tryggja að gott ræktarland fari ekki til spillis.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að skilmálar hverfisverndarsvæða falla undir skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Auk þess ætti uppbygging mannvirkja að vera fyrir utan svæða sem fall undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Vindmyllur

Að mati stofnunarinnar eru umhverfisáhrif vindmylla ekki hversu stór rafafli vindmyllunnar er, heldur hæð hennar og áhrif hennar á ásynnd og landslag. Því ættu skilmálar vindmyllunnar að miðast við hámarks hæð hennar, en ekki rafafli. Önnur umhverfisáhrif vindmylla eru hávaði og annað rask sem fylgir framkvæmdum við uppsetningu hennar eins og undirstöðuplan, vegagerð, lagning rafstrengja o.s.frv. Umhverfisstofnun bendir á leiðbeiningarit Skipulagsstofnunar hvað þetta varðar, sem nefnist *Um skipulag og vindorku*.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyingu.pdf>

